

Útgefandi

Læknafélag Íslands
Læknafélag Reykjavíkur

Ritstjórn

Magnús Gottfréðsson,
ritstjóri og ábyrgðarmaður
Elsa B. Valsdóttir
Gerður Gröndal
Hannes Hrafnkellsson
Magnús Haraldsson
Sigurbergur Káráson
Pórdís Jóna Hrafnkelsdóttir

Tölfræðilegur ráðgjafi

Thor Aspelund

Ritstjórnarfulltrúi

Védís Skarphéðinsdóttir
vedis@lis.is

Blaðamaður

Hávar Sigurjónsson (í leyfi)
havar@lis.is

Auglýsingastjóri og ritari

Esther Ingólfssdóttir
esther@lis.is

Umbrot

Sævar Guðbjörnsson
saevar@lis.is

Upplag

1900

Prentun, bókband
og pökkunPrenttækni ehf.
Vesturvör 11
200 Kópavogi

Áskrift

14.900,- m. vsk.
Lausasala
1490,- m. vsk.

© Læknablaðið

Læknablaðið áskilur sér rétt til að birta og geyma efni blaðsins á rafrænu formi, svo sem á netinu. Blað þetta má eigi afrita með neinum hætti, hvorki að hluta né í heild, án leyfis.

Fræðigreinar Læknablaðsins eru skráðar (höfundar, greinarheiti og útdrættir) í eftirtalda gagnagrunna: Medline (National Library of Medicine), Science Citation Index (SciSearch), Journal Citation Reports/Science Edition, Scopus og HirsLuna, gagnagrunn Landspítala.

The scientific contents of the Icelandic Medical Journal are indexed and abstracted in Medline (National Library of Medicine), Science Citation Index (SciSearch), Journal Citation Reports/Science Edition and Scopus.

ISSN: 0023-7213



Augnæknar í meirihluta, mættir til að hlusta á málþingið um Guðmund Björnsson kollega þeirra.

Málþing á 100 ára fæðingarafmæli

9. febrúar síðastliðinn komu afkomendur og ættingjar Guðmundar Björnssonar prófessors í augnlækningum saman í Hringisal Landspítala og heiðruðu minningu hans.

Gunnar lungnalæknir, sonur Guðmundar, og nokkrir kollegar fjölluðu um líf og starf hans. Guðmundur lærði í Ameríu og starfaði alla tíð á Landakoti. Hann doktoreraði í gláku og kenndi læknanemum augnsjúkdómafræði. Hann skræði sögu augnlækninga á Íslandi frá öndverðu til okkar daga og var gríðarlega áhugasamur uppfræðari og áfram um nýja tækni og almenna framþróun. Jóhann Marinósson, Ólafur Ólafsson, Guðmundur Viggósson, Haraldur Sigurðsson og Friðbert Jónasson röktu rannsóknir Guðmundar, samstarf og samvistir við hann á vinnustað og utan. -VS



Guðmundur Viggósson brá upp skemmtilegum myndum af kollega sínum.

LISTAMAÐUR MÁNAÐARINS

Ragnar Þórisson (f. 1977) er höfundur málverksins sem mynd er af á forsiðu blaðsins. Það er án titils frá árinu 2016 og allstórt, eða 200 x 180 cm. Þar situr maður sem horfir fram til áhorfenda, að því er virðist, dreginn upp með frjálslægri línuteikningu sem kallast á við einlita fleti í bakgrunninum. Verkið er afrakstur áralangra tilrauna listamannsins sem malar gjarnan manneskjur í hlutlausu umhverfi. Uppstillingar hans sýna fólk á margræðan hátt, sveipað dulúðugu andrúmslofti. Þar blandast stórir, marglaga litafletir við fínlega pensilskrift. Verkin eru opin og gefa til kynna lágstemmda hreyfingu bæði í tíma og rúmi þannig að svo virðist sem listamaðurinn reyni að fanga eitthvað sem auganu er dulið alla jafna. Myndheimur málverkanna er kunnuglegur en jafnframt framandi. Mannsmyndin sem þau sýna kallast í grunninn á við meginuppistöðu málverkaarfléiðarinnar þar sem er að finna portrett af fyrirfólki frá ólíkum tímum.



Það eru miðjusettar brjóstmyndir, andlitsmyndir og myndir af standandi og sitjandi mönnum og konum sem stilla sér upp fyrir malarann. Eðli þeirrar gerðar verka er að viðkomandi fyrirseta sé þekktanleg og að í umhverfi hennar megi greina tákni um persónu hennar og stöðu. Í málverkum Ragnars er mannfólkið aftur á móti allflest óþekktanlegt og hefur hann enga sérstakar fyrirmyndir í huga. Andlitsdrættir eru máðir, teygðir og margfaldaðir, líkamar huldur stórum litafloðum eins og kuflar. Umhverfi þeirra gefur sáralitlar upplýsingar, aðeins óljósa tilfinningu fyrir því að vera utandyra eða inni. Ragnar útskrifaðist frá Listaháskóla Íslands árið 2010. Hann hefur haldið nokkrar einkasýningar, tekið þátt í samsýningum og framundan er þátttaka hans í hinum Norræna tvíæringi, Momentum, í Moss í Noregi. Þá verða verk hans til sýnis í Listasafni Reykjavíkur á næstunni.

Markús Þór Andrésson